

Lokastyrkir til ljósleiðaravæðingar í dreifbýli í Húnaþingi vestra 2023

Húnaþing vestra ráðstafar að hámarki kr. 8 milljónum á árinu 2023 í styrki til þeirra ljósleiðatenginga sem eftir standa í dreifbýli í sveitarfélaginu. Er um að ræða fjármagn sem eru eftirstöðvar átaksins Ísland ljóstengt og koma til vegna lægri kostnaðar en áætlað var við verkefnið sem og tilfærslu staðfanga.

Veitingu styrkja fylgja eftirfalin skilyrði.

1. Aðeins eru veittir styrkir til staðfanga í Húnaþingi vestra þar sem skráður er einstaklingur til lögheimilis og er þar með heils árs búsetu.
2. Hvorki er nú í boði né staðfest áform markaðsaðila um að bjóða upp á a.m.k. 100 Mb/s þráðbundna tengingu á viðkomandi stað.
3. Staðir sem tengdir voru ljósleiðara 2022 eða fyrr eða hafa áður hlotið styrk til ljósleiðaratenginga eru ekki styrkhæfir.
4. Framkvæmdum skal vera að fullu lokið á árinu 2023.
5. Styrkur verður veittur til að leggja og tengja nýja ljósleiðarastrengi óháð því hvort strengurinn er lagður í fyrirliggjandi ídráttarrör, í nýtt ídráttarrör eða beint í jörðu.
6. Styrkþegi ber ábyrgð á framkvæmdinni og öllum þeim leyfum sem nauðsynleg eru.
7. Lagninginn og hönnun hennar skal unnin í samvinnu við þann þjónustuaðila sem rekur ljósleiðarakerfið á viðkomandi svæði. Hönnun skal vera þannig að byggt sé til framtíðar og með tilliti til örrar þróunar í fjarskiptatækni. Hönnun skal jafnframt vera samkvæmt viðmiðum um næstu kynslóð ljósleiðara aðgangsneta (NGA – Next Generation Access network).
8. Aðeins er veittur styrkur til tengingar einnar byggingar á hverjum stað.
9. Kirkjur, veiðihús, félagsheimili, fjarskiptastaðir, veitumannvirki o.s.frv. eru styrkhæfir staðir ef þar er heilsársstarfsemi þótt hún sé mismikil eftir árstímum.
10. Fjánhús, hesthús, tækjaskemmur og önnur útihús sem tilheyra býli eru ekki styrkhæf. Sömuleiðis fæst ekki styrkur fyrir tengingu gistihúsa til útleigu.
11. Heimilt er að tengja aðrar byggingar um leið á kostnað styrkþega.
12. Styrkur er aðeins veittur fyrir upphafskostnaði (án virðisaukaskatts) vegna byggingar hjávirkis (e. passive) varanlegs hluta ljósleiðarakerfisins.
13. Styrkur er ekki veittur fyrir virkum fjarskiptabúnaði (e. active) sem þarf til að veita þjónustu yfir ljósleiðarakerfið.

Önnur skilyrði sem við eiga og tilgreind eru [í skilmálum verkefnisins Ísland ljóstengt](#) eiga jafnframt við um styrkveitingar og framkvæmd verkefnisins.

Líkt og í tilfellum fyrri tenginga verða innheimt tengi- og stofngjöld vegna nýrra tenginga.

Með styrkveitingum þessum lýkur ljósleiðaravæðingu í dreifbýli í Húnaþingi vestra af hálfu sveitarfélagsins. Tengingar sem síðar kunna að verða lagðar verða alfarið á kostnað land- og eða húseigenda.

Umsóknum skal skilað til Húnaþings vestra á netfangið skrifstofa@hunathing.is fyrir 11. maí 2023. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- a) Staðfesting á samþykki rekstraraðila ljósleiðara á viðkomandi svæði fyrir tengingunni ásamt teikningu af fyrirhugaðri legu ljósleiðarans.
- b) Áætlaður kostnaður við lagningu ljósleiðarans sundurliðað niður á verkþætti.

- c) Áætlun um hvenær lagningin mun fara fram á árinu 2023.
- d) Leyfi fyrir framkvæmdinni frá landeigendum séu þeir aðrir en umsækjandi.

Húnaþing vestra áskilur sér rétt til að veita styrki til allt að 80% framkvæmdakostnaðar. Hámarks styrkur ræðst þó af fjölda umsækjenda og mati veituráðs á kostnaðaráætlun verkefnisins.

Samþykkt á 41. fundi veituráðs þann 4. apríl 2023.

Staðfest á 367. fundi sveitarstjórnar þann 13. apríl 2023.